

*Breiðagerðisskóli*  
2009 – 2010



6.

*Bekkur*

## Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum .....	3
Nestis og matarmál nemenda .....	4
Heimanám .....	5
Starfið í árganginum.....	5
Íslenska.....	7
Stærðfræði .....	13
Samfélagsfræði.....	16
Náttúrufræði .....	20
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði .....	22
Enska .....	24
Lífsleikni .....	26
Upplýsinga og tæknimennt.....	28
Myndmennt .....	33
Textílmennt .....	35
Hönnun og smíði .....	37
Tónmennt.....	39
Heimilisfræði.....	41
Skólaíþróttir.....	43
Sund.....	45
Sérkennsla .....	47

## Árganganámskrá

Í árganganámskrá 6.bekkjjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

## Kennarar í árganginum

Birgir Mikaelsson	umsjónarkennari, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði
Margrét Björg Júlíusdóttir	umsjónarkennari, íslenska og enska
María Helen Eiðsdóttir	umsjónakennari, stærðfræði, tölvur og lífsleikni
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafn
Guðmundur Jörundsson	sund, drengir
Guðríður Kristín Magnúsdóttir	textílmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Kristín Einarsdóttir	myndmennt
Sigurður Reynir Ragnhildarson	íþróttir
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræði
Valgerður Árnadóttir	sund, stúlkur

## Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum

verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust- og vorannar. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

## **Nestis og matarmál nemenda**

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls. 16 segir m.a. um menntun, „Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur“. Við skipulag og matseðlagerð í Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu. Einu sinni í viku verður ávaxta og grænmetishlaðborð í morgunnestinu en þá eiga nemendur að koma með niðurskorna ávexti eða grænmeti að heiman sem þeir leggja á sameiginlegt hlaðborð. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringaríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu áleggi í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu þegar við gerum okkur dagamun og þá með leyfi kennara.

Í 6.bekk stefnum við að því að hafa kaffihúsadag einu sinni á önn þar sem nemendur koma með veitingar til að setja á sameiginlegt hlaðborð.

## **Námsmat**

Námsmat í 5.-7. bekk skiptist í leiðsagnarmat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list-og verkgreinum á miðstigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri. Sjálfsmatið er sett í vinnubækur eða verkefni sem eru unnar út frá ákveðnum markmiðum. Nemendur gefa sér fyrir bókina áður en þeir skila kennara.

Lokamatið er gefið í tölum. Nemendur fá tvær tölur, annars vegar námseinkunn sem fengin er út úr lokaprófum, könnunum yfir tímabilið, ritgerðum , vinnubókarprófum og öðrum stærri verkefnum. Hins vegar er vinnueinkunn sem fengin er fyrir ástundun í tímum, þátttöku í umræðum, vinnubækur, skil á heimanámi og þátttöku í hópverkefnum ofl. Í list og verkgreinum er unnið út frá matskvarða þar sem markmiðin eru útfærð.

## **Heimanám**

Nemendur fá heimanám einu sinni í viku sem er afhent á miðvikudögum og skilað á mánudögum. Nemendur skrifa sjálfir niður heimanám vikunnar í skóladagbók. Í lesgreinum þarf að lesa valda kafla í hverri viku og það getur verið breytilegt eftir hópum fyrir hvaða daga það er en nemendur skrifa það einnig í skóladagbókina. Merkt er inn á Mentor ef heimanámi er ekki skilað.

## **Starfið í árganginum**

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Hver kennari hefur umsjón með ákveðnum nemendum og sér um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra. Kennt er í umsjónarhópum og einnig skipt í mismunandi hópa með það að markmiði að allir nemendur kynnist sem best.

Kennarar í 4.-7.bekk halda áfram í þróunarverkefni í samvinnu við Háskólann á Akureyri sem ber heitið „Orð af orði“. Þetta verkefni gengur út á að auka lesskilning nemenda og efla orðaforða þeirra. Áfram verður unnið með hugtakakort, orð dagsins og orðhluta vinnu. Yndislestur verður á hverjum degi, en þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 20 mín. Í vetur verður aðaláherslan í verkefninu á gagnvirkum lestur. Gagnvirkur lestur byggir á að nemendur beini huganum markvisst að efni textans, velti fyrir sér skilningi á efninu í heild og spá fyrir um framhald textans miðað við það sem á undan er komið. Gagnvirkur lestur er í byrjun félagslegt ferli og er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri aðila. Nemendur skiptast á að vera stjórnendur, draga saman aðalatriði textans, spyrja spurninga, velta upp erfiðum orðum og spá fyrir um framhaldið. Þegar nemendur hafa náð tökum á aðferðinni geta þeir beitt henni einir og nýttist aðferðin þeim í öllu námi. Í byrjun september verður lagt fyrir lesskilningspróf og sama prófið verður síðan lagt aftur fyrir nemendur í desember og maí til þess að fá sem gleggsta mynd af árangri nemenda.

Nokkrum sinnum yfir veturinn verður unnið að þemaverkefnum. Þá er stundataflan að einhverju leiti brotin upp og unnið að heildstæðum verkefnum. Það eykur fjölbreytni og gefur nemendum tækifæri til að vinna saman. Tvisvar– til þrisvar yfir veturinn vinna nemendur á miðstigi saman að verkefni en einu sinni á vorönn vinna allir árgangar saman. Síðasta föstudag í hverjum mánuði eru öðruvísi dagar en þá breytum við til og komum í furðufötum eða með hatta og þess háttar.

# Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Talað mál og hlustun

### Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- þjálfist í samtalstækni
- geti endursagt frásagnir
- þjálfist í að lesa upphátt ýmsa texta og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi
- þjálfist í að rökstyðja mál sitt
- Þjálfist í hlustun

### Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun, upplestur nemenda og kennara af hljóðdiskum, umræður.

### Leiðir að markmiðum

Nemendur taka þátt í umræðum þar sem þeir þjálfu samtalstækni. Nemendur hlusta á sögur, hlusta á og kynna hópverkefni sín frammi fyrir bekkjarfélögum og fá þjálfun í að lesa ljóð og ýmsa texta upphátt. Nemendur taka þátt í leikrænni tjáningu á ljóðum og sögum.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni. Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri.

## **Heimanám**

Lestur

## **Ritun**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- þjálfist í skapandi skrifum
- auki við orðaforða sinn og læri að beita einföldu myndmáli í ritun
- þjálfist í að geta nýtt sér stafsetningarorðabækur og önnur hjálpartæki við ritun
- hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- geti skrifað læsilega og af öryggi

## **Efnisþættir**

Tengiskrift, stafastærð, bil milli orða, uppsetning texta, réttritun, sögu- og ljóðagerð, skapandi ritun, endursagnir.

## **Leiðir að markmiðum**

Nemendur vinna að skapandi skrifum s.s. semja sögur og ljóð. Einnig munu þeir semja texta að undangenginni orðaforðavinnu á ákveðnum orðflokkum, bókmenntahugtökum og orði vikunnar. Nemendur útbúa hugtakakort af uppbyggingu frásagnar og vinna með texta þar sem þeir þjálfast í að draga út aðalatriði. Í stafsetningu skrifa nemendur upp æfingar rétt eftir réttu og eftir upplestri. Nemendur skrifa í forskriftarbækur og þeim kennt að nota réttar tengingar. Áhersla er lögð á stafastærð, jafna skrift og gott bil á milli orða.

## **Námsgögn**

Skræða námsbók, Mál í mótun, forskriftarbækur og annað gagnlegt.

## **Námsmat**

**Skrift:** Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni. Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í ritun.

Námseinkunn eru gefin einu sinni á hverri námsönn en hún byggir á könnun í skrift.

**Stafsetning:** Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni.

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í stafsetningu.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Námseinkunn er gefin einu sinni á hverri námsönn en hún byggir á könnun í formi upplestrar. Vinnueinkunn er gefin einu sinni á hverri önn. Hún byggir á vinnu nemenda í tímum, virkni og ástundun og mati á vinnubók.

**Skapandi ritun:** Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni.

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í skapandi ritun.

## **Heimanám**

Nemendur skrifa vikulega í skrifarbók .

## **Málfræði**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- auki þekkingu sína á íslensku málkerfi til að þau geti nýtt sér það við réttitun og orðið að betri málnotendur.

### **Efnisþættir**

Nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og helstu einkenni þeirra, sambeyging algengra nafnorða og lýsingarorða í eintölu og fleirtölu, stigbreyting og kynbeyging lýsingarorða, nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna, samnöfn og sérnöfn, fallbeyging, orðtök og málshættir og stofn orða.

### **Leiðir að markmiðum**

Nemendur vinna einstaklingslega eða í litlum hópum að málfræðiverkefnum sem taka á ofangreindum efnisþáttum. Nemendur munu vinna ýmis verkefni sem þjálfja þá í réttri meðferð málsins s.s. gera athugun á orðflokkum utandyra, vinna með orðflokkana í textum og gera hugtakakort.

### **Námsgögn**

Málrækt 2, Skræða 1 og 2, ýmis verkefni og kennsluforrit, Réttitunarorðabók Orðaskyggvir.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni. Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í málfræði.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

## **Heimanám**

Nemendur vinna verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum.

## **Lestur og bókmenntir**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- auki lestrarhæfni sína og orðaforða
- geti lesið sér til ánægju
- glæði áhuga á bókmenntum með lestri fjölbreytts texta
- þekki nokkra íslenskir rithöfundar 20. aldar og helstu verk þeirra
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, umhverfi, söguþráður og sögulok
- þekki ýmis ljóðaform og hugtökin rím, stuðla og höfuðstafi

## **Efnisþættir**

Bókmenntatextar s.s. skáldsögur, smásögur, ljóð, dæmisögur, þjóðsögur frá ýmsum löndum og ævintýri,

## **Leiðir að markmiðum**

Nemendur lesa bókmenntatexta og svara spurningum einstaklingslega, vinna saman í hópum að myndrænni og skriflegri útfærslu verkefna sem þeir kynna fyrir hópnum. Nemendur hlusta á bókmenntaefni af diskum, þau lesa hvort fyrir

annað og kennari les fyrir þau. Þá lesa nemendur bókasafnsbækur og gera bókaskýrslur. Nemendur velja sér bók eftir ákveðinn höfund og kynna fyrir bekknum. Nemendur hlusta á upplestur ljóða, lesa upp ljóð, túlka, vinna skrifleg verkefni og semja ljóð.

### **Námsgögn**

Bækur af bókasafni, Rauðkápa, Þjóðsögur og ævintýri, dæmisögur, skáldsögur, Ljóðspor, íslensk orðabók og annað gagnlegt.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni. Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í bókmenntum og lestri.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

### **Heimanám**

Heimalestur.

## Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#).

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemandi:

- verði sjálfstæður, skipulagður og vandvirkur í vinnubrögðum
- temji sér að spyrja spurninga um verkefni til að öðlast betri skilning
- fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- nái góðu valdi á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og treysti á getu sína fyrir frekara stærðfræðináms
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og kynnist skemmtigildi hennar.
- nái tókum á: samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.
- viti að samlagning og frádráttur eru andhverfar aðgerðir
- viti að margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir
- kunni skil á deilingu með afgangi
- kynnist neikvæðum tölum
- geti lagt saman og dregið frá með neikvæðum tölum
- spreyti sig á þrautum og orðadæmum
- geti notað vasareikni
- nái tókum á lestri og skráningu tugabrota, almennra brota, prósentu og hlutfalla
- geti raðað almennum, tugabrotum og prósentum eftir stærð og samhengi
- geti breytt einföldum almennum brotum í tugabrot og prósentur
- geti lagt saman og dregið frá einföld brot

- nái tókum á eftirfarandi þáttum í rúmfræði: ummáli, flatarmáli, hornamælingum, þvermáli og geisla hrings, tví- og þrívíðum formum
- öðlist þjálfun með gráðuboga og hringfara
- vinni með gagnasöfn og þekki meðaltal, miðgildi og líkur.
- geti lesið upplýsingar úr töflum og notað þær við útreikninga
- geti breytt á milli mælieininga

## Efnisþættir

Talnaleikni, gráður og horn. Reikniaðgerðirnar fjórar: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Almenn brot, tugabrot og prósentur. Tölfræði, líkur, meðaltal og miðgildi. Rökhugsun, tvívíð form og þrívídd. Mynstur og algebra. Neikvæðar tölur, þrautir og orðadæmi.

## Leiðir að markmiðum

Stefnt verður að því að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Hluti kennslunnar fer fram sameiginlega í bekknum með innlögn og samantekt. Nemendur fá síðan góðan tíma til úrvinnslu, einir eða með öðrum. Stór hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum og eru þá umræður afar mikilvægar. Einnig eru leikir gagnleg kennsluáferð og verður nýtt að einhverju leiti. Hver nemandi vinnur síðan með sínum hraða en þó er ákveðið lágmark á viku sem verður að ljúka.

Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði, verður orð vikunnar. Orð vikunnar er stærðfræðihugtak sem farið er í í hverri viku. Hugtakið tengist því efni sem við erum að vinna með hverju sinni.

## Námsgögn

Geisli 2 grunnbók og vinnubækurnar 2A og 2B. Þemahefti og ítarefni útbúið af kennara eftir því sem þörf er á. Önnur námsgögn: Tölvuvinna (forrit, stærðfræðivefir), vasareiknahefti og þrautir

## **Námsmat**

Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir við að meta nám. Metin verða munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir. Verkefnin eru hvort tveggja einstaklingsverkefni og hópverkefni. Vinnubækur þar sem nemendur hafa unnið verkefnin í, verður metin í lok annar. Þar er mikilvægt að nemendur vandi vinnubrögð. Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum. Námseinkunn, sem byggir á tveimur könnunum sem lagðar verða fyrir á fyrri önn og miðsvetrarpróf í janúar. Vinnueinkunn, sem byggir á virkni, áhuga, framförum og heimavinnu. Sama fyrirkomulag verður á vorönn.

## **Heimanám**

Nemendur skila heimadæmum einu sinni í viku. Þeir skrá heimavinnu sína í skóladagbók á miðvikudögum og skila á mánudögum.

## **Samfélagsfræði**

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## **Landafræði**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- þekki þau lönd sem teljast til Norðurlanda, landsháttum, náttúru, menningu, siðum og venjum.
- efli skilning sinn á landfræðilegum hugtökum og þjálfist í lestri korta og grafa.
- þjálfist í að afla sér þekkingar og upplýsinga á sjálfstæðan hátt

### **Efnisþættir**

Norðurlöndin, höfuðborgir, ár, vötn, höf, fjöll, náttúra, veðurfar, auðlindir, atvinnuvegir, framleiðslugreinar, búseta og lifnaðarhættir fólks á Norðurlöndum. Einnig fánar Norðurlandanna, landshættir, menning og siðir.

### **Leiðir að markmiðum**

Landafræði er kennd á haustönn. Kennslan byggist á umræðum, verkefnavinnu, einstaklings- og hópvinnu. Áhersla er lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna með hugtakakort. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirks lesturs. Áhersla verður lögð á fjölbreytta útfærslu verkefna og kynna nemendur síðan þau verkefni fyrir hvort öðru.

## **Námsgögn**

Norðurlönd, Við Norðurlandbúar, myndefni, kortabækur, veraldarvefurinn og ýmsar handbækur um landafræði.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat er notað jafnt og þétt og er það samofið öllu námi nemenda. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á vinnubók, virkni og ástundun í tímum.

Námseinkunn byggist á kynningu á þemaverkefni og prófi úr afmörkuðu efni.

## **Heimanám**

Nemendur lesa heima fyrir suma tímana og vinna í vinnubækur valin verkefni.

## **Íslandssaga**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- öðlist þekkingu á lifnaðarháttum, menningu, trú og afkomu fólks í íslensku samfélagi á tímabilinu 930-1262.
- kynnist helstu merkisatburðum á þessu tímabili.
- kynnist lífshlaupi Snorra Sturlusonar.
- fái skilning á sögu landsins og skilji að sú þekking hefur gildi fyrir líf okkar í dag.

## **Efnispættir**

Fjallað verður um stjórnsmál þessa tímabils. Stofnun Alþingis, kristintökuna, lífshlaup Snorra Sturlusonar rakið, farið í átök Sturlungaaldar, menntun, trúarbrögð og lífshjör fólks á þessum tíma. Siglingar og landafundir norrænna manna skoðaðir.

## **Leiðir að markmiðum**

Kennslan byggist á umræðum, verkefnavinnu, einstaklings- og hópvinna. Áhersla er lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna með hugtakakort. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirkis lesturs. Áhersla verður lögð á fjölbreytta útfærslu verkefna og kynna nemendur síðan þau verkefni fyrir hvort öðru. Úrvinnsla efnisins verður munnleg, skrifleg og myndræn. Þetta efni verður fléttað við íslenskukennsluna og bók Þórarins Eldjárns um ævi Snorra notuð. Stefnt er að því að fara í ferð á safn í tengslum við námsefnið.

## **Námsgögn**

Sjálfstæði Íslendinga 1, Snorra saga, vinnubók, ýmsar handbækur, Söguatlas og veraldarvefurinn, o.fl.

## **Námsmat**

Leiðsagnarmat er notað jafnt og þétt og er það samofið öllu námi nemenda. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á vinnubók, virkni og ástundun í tímum.

Námseinkunn byggist á kynningu á þemaverkefni og prófi úr afmörkuðu efni.

## **Heimanám**

Nemendur lesa heima valdar blaðsíður og vinna verkefni.

## Náttúrufræði

Markmið í náttúrufræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- auki orðaforða sinn og skilning á hugtökum í náttúrufræði.
- átti sig á samspili manns og náttúru .
- þekki og skilji nokkrar grunvallarkenningar í eðlis-, efna-, jarð- og líffræði og áhrif þeirra fræða á lífshætti okkar.
- geri sér grein fyrir áhrifum heilbrigðra lifnaðarháttá á líf sitt og líðan.
- þroski með sér virðingu fyrir lífi, náttúru og umhverfi.
- geti tekið á viðfangsefnum námsins með skipulegum hætti hvort heldur er í hópstarfi eða einir sér.
- getir gert grein fyrir niðurstöðum athugana sinna á skipulegan hátt, munnlega og skriflega.

### Efnisþættir

Eðlisvísindi: Flotkraftur, núningskraftur, gormavog og kraftur, loft og svif, tími og lengd, hraði, vogarafl, verkfæri, vinda, tannhjól, hljóð, pendúllshreyfing, bylgjuhreyfingar, hljóðbylgjur, styrkur hljóðs, hátalari.

Efna- og jarðvísindi: Sól, reikistjörnur, lofthjúpur, ósonlag, gróðurhúsaáhrif, hringrás vatns, jarðsaga og landmótun.

Lífvísindi: Líf í fersku vatni, húð, beinagrind, vöðvar, blóðið, lungun og tennurnar.

## **Leiðir að markmiðum**

Vinnan fer fram bæði í einstaklings- og hópvinnu en stefnt verður að því að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar t.d. með umræðum í tímum, ýmiskonar verkefnavinnu, tilraunum og útikennslu. Áhersla verður líka lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna með hugtakakort en við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirks lesturs. Einnig verður farið í vettvangsferðir.

## **Námsgögn**

Líkami mannsins, Auðvitað II , Lífríkið í fersku vatni, ítarefni frá kennara, myndbönd og efni af veraldarvefnum.

## **Námsmat**

Vinnubækur þar sem nemendur hafa unnið verkefnið í verður metin í lok annar. Þar er mikilvægt að nemendur vandi vinnubrögð. Eftir hvern efnispátt verður prófað úr honum.

Leiðsagnarmat er notað jafnt og þétt og er það samofið öllu námi nemenda. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á vinnubók, virkni og ástundun í tímum.

Námseinkunn byggist á kynningu á þemaverkefni og prófi úr afmörkuðu efni.

## **Heimanám**

Nemendur lesa valdar blaðsíður í lesbókunum og vinna verkefni heima.

## **Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- þekki meginboðskap kristindóms,
- efli þekkingu og skilning á trúarlegum efnum,
- efli siðferðilegan og félagslegan þroska sinn,
- auki virðingu, skilning og umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum.

### **Efnisþættir**

Unnið með frásagnir úr Gamla- og Nýja testamentinu m.a.:

Sköpunarsöguna, dómara- og konungatímabilið í sögu Ísraelsþjóðarinnar

jólaguðspjall Jóhannesar, dæmisögur Jesú, atburði páska og hvítasunnu,

frumkristni, postullegu trúarjátninguna, sálma og bænir,

valdir þættir úr hindúasið m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum.

### **Leiðir að markmiðum**

Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubækur úr lesefninu. Nemendur þjálfast í að leita í Nýja testamentinu. Nemendur vinna í hópum valinn efnisþátt sem þeir útfæra á myndrænan, skriflegan eða leikrænan hátt og sýna hópnum. Nemendur taka þátt í umræðum um siðfræðileg efni. Áhersla verður líka lögð á undirstöðuhugtök þar sem nemendur vinna með hugtakakort en við upplýsingaöflun nýta nemendur sér einnig aðferðir gagnvirkis lesturs.

## **Námsgögn**

Ljós heimsins, Nýja Testamentið. Gyðingdómur og ítarefni frá kennara.

## **Námsmat**

Það mun byggjast á eftirfarandi þáttum :

Áhugi og virkni í tímum.

Vinna i vinnubók, efnistösk og frágangur.

Kannanir og próf.

## **Heimanám**

Ekki er mikið heimanám í kristinfræði en stundum lesa nemendur fyrir kennslustundir valdar blaðsíður úr námsefninu.

## Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist skilning á einföldu mál og geti nýtt sér það í æfingum og samræðum
- geti tjáð sig munnlega um ýmis viðfangsefni
- geti lesið og skrifað auðvelda texta á ensku
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti fundið upplýsingar í textum, bókum og á netinu
- geti skrifað skiljanlega, einfalda texta um ákveðið viðfangsefni
- fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða
- þjálfist í enskri málfræði

### Efnisþættir

Muninn á Have – has. Muninn á Do – does. Fleirtöluendingarnar -s, -es, -ies  
Spurnarfornöfnin: What, who, when, where, why, how. Óákveðinn greinir, a – an. Ákveðinn greinir, the. Muninn á This – that. Lýsingarháttur nútíðar –ing ending. Þátíð, endingarnar –ed og –e. Stigbreyting lýsingarorða, endingarnar – er og –est. Óreglulegar sagnir. Sagnorð notuð í nútíð t.d. play – plays. Hlustun. Lestur. Ritunarverkefni.

### Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna verkefni samhliða lestri. Nemendur lesa fyrir kennara einfalda og stutta texta, skrifa stíla á ensku, þýða yfir á íslensku og vinna málfræðiæfingar í vinnubók. Ýmis ítarefni eru unnin í verkefnamöppu s.s. ritunar- og málfræðiverkefni, orðalistar, tölur og stuttir stílar.

### **Námsgögn**

Grunnbók: Portfolio – Build Up! ítarefni og hljóðsnældur.

Ýmis verkefni frá kennara. Kennsluforrit og efni á vef.

### **Námsmat**

Leiðsagnarmat verður notað en það er samofið kennslunni. Framfarir nemenda eru stöðugt metnar yfir námstímann og fá þeir umsagnir jafnt og þétt en þeim er ætlað að stuðla að bættum námsárangri í ensku.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum og verkefnamöppu. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

### **Heimanám**

Nemendur vinna verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum.

## Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur:

- læri að takast á við lífið á ábyrgan hátt.
- viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- tileinki sér félagslega færni og hvaða ábyrgð því fylgir að vera þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi, tilheyra fjölskyldu og eiga vini og félag.
- rækti með sér þann hæfileika að vinna með öðrum og setja sig í spor annarra.
- þjálfist í framsögn og því að koma fram fyrir hópi.
- geti nýtt sér upplýsingar úr fjölmiðlum og öðrum miðlum um daglegt líf og nauðsynjar.

### Efnisþættir

Samskipti og reglur.

Þjálfun í að tjá skoðanir sínar frammi fyrir bekk eða hópi

Þjálfun í að hlusta á skoðanir annarra og virða þær.

Umfjöllun um heilbrigðar lífsvenjur og góða umgengni.

Umfjöllun um málefni líðandi stundar.

### **Leiðir að markmiðum**

Bein kennsla, umræður, ýmsir leikir, hópvinna, einstaklingsvinna, hlutverkaleikir, myndbönd, dagblöð og vettvangsheimsóknir. Valin verkefni frá kennurum tengd framangreindum markmiðum

### **Námsmat**

Byggist á símati, þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun eru lögð til grundvallar fyrir lokaumsögn.

### **Heimanám**

Ýmis verkefni tengd viðfangsefni hverju sinni.

## Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- undirbúi starf í því þjóðfélagi sem þeir tilheyra.
- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- öðlist þekkingu og færni í vinnubrögðum til að nýta sér tölvu og upplýsingatæknina.
- þekki helstu ílags og frálagstæki tölvunnar
- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar og venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- noti tölvupóst í samskiptum
- læri að nota ritvinnslu og geti skrifað texta og skeytt inn í hann myndum.
- geti vistað skjöl, náð í þau, prentað út úr ýmsum forritum og geti notað geisladrif og geisladiska.
- Æfi sig í að beita leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða uppá

### Efnisþættir

Tölvupóstur, kennsluforrit, ritvinnsla, PowerPoint, publisher, geisladiskar og ýmsir kennsluvefir og leitarvélar.

## **Leiðir að markmiðum**

Nemendur fá eina kennslustund í tölvuveri á viku. Hver nemandi vinnur við eina tölvu með hugbúnað hennar og jaðartæki. Auk þess eru nemendur með aðgengi að tölvum í sínum kennslustofum þar sem megináhersla er lögð á kennsluvefi, kennsluforrit og ritvinnslu. Öll verkefnavinna er tengd námsgreinum og miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru lögð fram skriflega þar sem kemur fram hvað á að gera og til hvers er ætlast af nemendum. Aðstoð er veitt hverjum og einum eftir þörfum.

## **Námsgögn**

Ýmis verkefni, kennsluforrit, kennsluvefir og hugbúnaður tölvunnar.

## **Námsmat**

Hvert verkefni er metið fyrir sig þar sem tekið er mið af uppsetningu, frágangi og innihaldi. Vinna í kennslustundum og virkni nemenda. Umsögn að vori.

## **Heimanám**

Ekkert heimanám verður í tölvum.

## **Upplýsingalæsi**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- geti leitað að gögnum, fræðsluefni sem öðru efni eftir flokkunarkerfi safnsins
- kunni að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum og fræðibókum
- geti fundið lykilorð í texta
- læri að skipuleggja heimildavinnu; það felur m.a. í sér að nemandi geti

aflað heimilda, mótað spurningar út frá efni, flokkað og greint heimildir á skipulegan máta, skilgreint hvaða upplýsinga er þörf, skráð og varðveitt heimildir og geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum

- séu hvattir til lesturs

### **Efnisþættir**

Safngögn, flokkunarkerfi, upplýsingaleit, lykilorð, heimildir, lestur, hvatning, upplýsingar.

### **Leiðir að markmiðum**

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og síðan unnið út frá því. Upplestur fer fram reglulega og eru frjálsir tímar gefnir af og til þar sem nemendur kynnast safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

### **Námsgögn**

Stuðst verður m.a. við bókina *Leitum og finnum á skólasafni 1* höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir og *Í skólasafninu 3*, höf. Jónína Friðfinnsdóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni og m.a. leitað fanga á netinu.

### **Námsmat**

Bókasafnsfræðingur metur m.a. vinnu og virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

## **Menningarläsi**

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- kynnist áfram helstu barna- og unglingsbókmenntum og höfundum íslenskum sem erlendum
- kynnist helstu greinum á sviði lista, vísinda, tækni og verkgreina í gegnum miðla skólasafnsins
- kynnist því að til eru lög um höfundarrétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar
- komi reglulega á safnið og kynnist því sem þar er á boðstólnum
- eflist stöðugt í lestri bæði til stuðnings námi og til skemmtunar

### **Efnisþættir**

Barna- og unglingsbókmenntir, höfundar, höfundaréttur, stuðningur við nám, yndislestur.

### **Leiðir að markmiðum**

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og síðan unnið út frá því. Upplestur fer fram reglulega og eru frjálsir tímar af og til þar sem nemendur kynnast safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

### **Námsgögn**

Stuðst verður m.a. við bókina *Leitum og finnum á skólasafni 1*, höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir og *Í skólasafninu 3*, höf. Jónína Friðfinnsdóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni, og er m.a. leitað fanga á netinu.

## **Námsmat**

Bókasafnsfræðingur metur m.a. vinnu og virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

## Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- geti nýtt sér í eigin sköpun, grunnþætti myndlistar t.d. formfræði, litafræði og myndbyggingu
- geti nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun t.d. málun, teiknun, mótun og þrykki.
- þekki tengsl verkefna sem unnið er með við Listasöguna
- sýni vönduð vinnubrögð
- sýni góða framkomu og hegðun
- sýni góða umgengni um efni, áhöld og húsgögn í kennslustofu
- ljúki verkefnum og sýni góðan frágang.
- upplifi myndlist sem jákvæðan og skemmtilegan þátt í tilverunni, með eigin vinnu sem styrkir sjálfsmynd þeirra.

### Efnisþættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og Listasaga, áherslan eftir aldri nemenda.

Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum. Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast það blönduð tækni.

### Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlöggnin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á

sögur, ævintýri, ljóð og tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum . Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður við komið. Nemendur vinna saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum.

### **Námsmat**

Leiðbeinandi námsmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

## **Textílmennt**

Markmið í textílmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur

- auki færni við saum á saumavélar
- læri að þræða saumavélar
- læri bútasaum “þjálkakofamynstur”
- læri að festa tölur
- þjálfist í skissugerð og geri sér grein fyrir mikilvægi skissugerðar í handverki
- auki sjálfstæði í notkun eigin hugmynda og í vinnubrögðum
- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengdum greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi

### **Efnisþættir.**

Saumavélasaumur, bútasaumur, saumur með nál og tvinna, útsaumur, tölufesting, strauning textílefna, lita- og efnisval, skissugerð.

### **Leiðir að markmiðum.**

Hópinnlögn og sýnikennsla. Kynntar þær hugmyndir og vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur skissa upp fyrirhugað verk þegar hægt er að koma því við.

Eftir það er einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, þess er gætt að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Nemendum kennd rétt beiting og umgengni við vélar og verkfæri.

Áhersla er lögð á að nemandi vandi vinnubrögð og sé sjálfstæður í vinnubrögðum og þjálfist í sjálfsmati á vinnu sinni.

Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, og um efni og áhöld og að nemendur taki sameiginlegan þátt í að ganga frá í stofu í lok hvers tíma þrátt fyrir að 2 umsjónarmenn veljist í hverjum tíma til endanlegs frágangs.

### **Námsgögn.**

Verkfæri og áhöld greinarinnar, textílefni, útsaumsgarn, tölur, bækur, blöð og vinnulýsingar.

### **Námsmat.**

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori námseinkunn og vinnueinkunn . Námseinkunn er byggð á færni nemandans, frumkvæði, sköpun , vandvirkni og frágang.

Vinnueinkunn sem byggir á áhuga, tillitssemi, samvinnu, kurteisi.

### **Heimanám.**

Ekkert. En nemendur geta tekið vinnu með sér heim með leyfi kennara þegar hægt er að koma því við.

## Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengd greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- þjálfist í sjálfsmati
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu
- tileinki sér kurteisi, góð samskipti og hjálpsemi

### Efnisþættir

Sjálfstæð vinnubrögð, hönnun, hugmynda- og raunstærðarteikningar, sniðagerð, glervinna, leðurvinna, framleiðsla vöru frá hugmynd til afurðar, hönnun, þróun og fjöldaframleiðsla á vöru út frá gefinni forskrift eða út frá lausn á þörf sem nemendur setja fram.

### Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Í tengslum við þróunarverkefnið „Orð af orði“ verður aukin áhersla lögð á orða- og hugtakainnlögn. Nemendur gera vinnuskýrslu í tengslum við eitt

verkefni. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er.

### **Námsgögn**

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

### **Námsmat**

Leiðbeinandi námsmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

### **Heimanám**

Ekkert.

## Tónmennt

Markmið í tónmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- njóti þess að skapa tónlist og hlusta á hana
- læri margskonar sönglög, íslensk og erlend
- þjálfist í að syngja hreint og með skýrum framburði
- dýpki tónlistarskynjun með hreyfingu og taktæfingum við hlustun
- fræðist um grundvallaratriði í tónfræði og læri um tiltekin tónskáld
- skilji ýmis hugtök í tónlist og geti notað þau meðvitað
- læri undirstöðu í nótnalestri og skilji mikilvægi þess að skrá tónlist
- öðlist vald á að leika á skólahljóðfæri, skipulega og í frjálstri sköpun
- hlusti markvisst á tónlist og læri að greina eftir heyrn hljóðfæri og efnispætti tónlistar
- geti skilgreint mismunandi tegundir af tónlist
- taki þátt í einstaklings- og hópvinnu við margskonar tónlistarflutning

### Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, hreyfing, leikur á hljóðfæri skólastofunnar, vinna í vinnubók og kennslubók.

### Leiðir að markmiðum

Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik

Einstaklingsvinna í vinnubók í tónmennt við skrifleg verkefni og hlustun

## **Námsgögn**

Vinnubækur, kennslubækur og söngbækur samkvæmt árgangi, ýmiskonar viðbótarkennsluefni og hlustunarefni, skólahljóðfæri  
Nemendur fá eina kennslustund í viku auk morgunsöngs hálfsmánaðarlega og kórstarf er í boði fyrir áhugasama

## **Námsmat**

Byggt er á framkomu og virkni nemenda í tímum og ýmiskonar verkefnavinnu  
Einkunnagjöf að vori

## **Heimanám**

Ekki heimanám

## Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur:

- kynnist orkuefnum fæðunnar, hlutverki þeirra í líkamanum og orkueiningunum (he, kcal, og kj)
- rifji upp næringarefnin
- læri að vinna með næringartöflur
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa árf á heilsuna
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu (hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa, rífa sjóða)
- tileinki sér góða umgengni við vinnuna
- geri sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er mikilvægt
- öðlist færni á að þvo upp samkvæmt hreinlætiskröfum
- geti lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi
- tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
- tileinki sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og bragði á þeim fæðutegundum sem á boðstólum eru
- fái þjálfun í samskiptum og að virða ólík sjónarmið
- virði reglur kennslueldhússins

### Efnisþættir

Næringarefnin, orkueiningar, næringartöflur, áhaldanotkun, vinnutækni, notkun uppskrifta, hreinlæti, gagnrýni á eigin frammistöðu, jákvæð viðhorf til ólíkra sjónarmiða, umhverfisverndar og samskipta.

## **Leiðir að markmiðum**

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Skrifleg verkefni eru einstaklingsverkefni. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Búnaðar eru til léttar máltíðir og brauð bakað. Nemendur framreiða matinn, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Í hverjum hópi er einn verkstjóri. Hlutverk verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópunum séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Í tengslum ivð þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilherya námsefninu.

## **Námsgögn**

Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 6. bekk. Gott og gagnlegt, vinnubók. Hráefni samkvæmt verkefnavali.

## **Námsmat**

Leiðbeinandi námsmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

## **Heimanám**

Ekkert

## Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í Aðalnámskrá grunnskóla

[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra\\_grsk\\_itrottir\\_likams\\_og\\_heilsuraekt.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_itrottir_likams_og_heilsuraekt.pdf)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

### Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

### Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaprjálfun, teygjur og slökun.

### Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþróttar er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttar- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og

hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska,  
félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska.

Á miðstigi er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreishn hvers nemanda. Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill á þessum aldri. Því er einnig lögð áhersla á færni miðuð markmið af ýmsum toga. Hér er m.a. um að ræða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Stefnt er að því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun eru meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Þó svo að leikræn nálgun undirstöðuatriða ýmissa íþróttanna, styrkjandi og mótandi æfingar ásamt leiknum sé rauður þráður í kennslunni skal huga vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Einnig skal á markvissan hátt efla þekkingu nemenda á íþróttum og heilsurækt samhliða verklegri útfærslu. Markmið í efnisflokkum þessa áfanga byggjast m.a. á ofangreindum atriðum.

## **Námsgögn**

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

## **Námsmat**

Námsmat er símat þar sem kennarar meta getu nemenda jafnóðum og með stuttum einsföldum æfingum og prófum. Námsmat er afhent í lok skólaárs.

Einkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum:

Niðurstöður úr æfingum, prófum

Framkoma

Dugnaður og vinnusemi

Færni og framfarir

# Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

## Meginmarkmið

Að nemendur

- fái jákvæða upplifun við sundnámið
- geti synt 200 m bringusund, viðstöðulaust.
- geti synt 50 m skólabaksund
- geti synt 25 m skriðsund
- geti synt 25 m baksund
- geti synt 25 m bringusund á tíma. Lágmark 35.0 sek.
- geti synt 15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).
- geti synt 10 m flugsund með eða án hjálpartækja
- geti synt 8 m kafsund
- geti stungið sér af bakka
- geti kafað eftir hlut, eftir fimm metra sund
- þekki helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna

## Efnisþættir

Bringusund, skriðsund, björgunarsund

### **Leiðir að markmiðum**

Í gegnum leik og keppni upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka vellíðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður stöðvaþjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

### **Námsgögn**

Sundflá, boltar og alls konar dýr og hlutir er mikið notað.

### **Námsmat**

Leitast er við að meta árangur nemenda á hlutlægan hátt. Einkunn gefin að vori í tölustöfum.

## Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Enn fremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Þau próf sem lögð eru fyrir 6. bekk eru:

- Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn
- Lesskilningspróf á haust og vorönn